Sjónlínan
Gleraugnaverslun
Strandgötu, Hafnarfirði / Sími 555 7060 / www.sjonlinan.is

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

ÁS
FASTEIGNASALA
Fjarðargötu 17 - Hafnarfirði
Sími 520 2600 - Fax 520 2601
Netfang: as@as.is - Heimasíða: www.as.is
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17

HAFNARFJÖRÐUR
GARÐABÆR
1. MAÍ 2015
9. tölublað 5. árgangur
UMHVERFISVOTTUÐ PRENTUN

Á fallegum vordegi. Þessa fallegu mynd sem tekin er yfir Hafnarfjörðinn tók Ragnhildur Jónsdóttir standandi uppi á stóra miðjuklettinum í Hellisgerði. Ýmislegt verður um að vera í bænum í dag, á Baráttudegi verkalýðsins, 1. maí.

Ólga meðal foreldra ungbarna í Hafnarfirði:

Íhuga að flytja úr bænum

Foreldrar ungra barna í Hafnarfirði eru margir hverjir mjög óánægðir með framgöngu meirihlutans í bæjarstjórn Hafnarfjarðar í leikskólamálum. Hátt í 300 manns hafa þegar ritað nafn sitt undir áskorun þar sem bæjaryfirvöld eru hvött til að fylgja eftir skólastefnu bæjarins frá árinu 2009 og innrita börn á leikskóla frá 18 mánaða aldri og auka niðurgreiðslu dagforeldra vegna þeirra barna sem ekki eru innrituð á leikskóla eftir þann tíma.

Í facebook hópi foreldra hafa undanfarið átt sér stað miklar umræður um stöðu mála í bænum. Mikil óánægja hefur til að mynda verið með lokun Kató, sem greint var frá hér í blaðinu fyrir nokkrum mánuðum. „Við erum alvarlega farin að hugsa um að flytja í annað bæjarfélag sem býður fjölskyldufólk velkomið annað en meirihluti bæjarstjórnar ætlar sér að gera hér," segir eitt foreldrið þar í umræðum og er ekki það eina sem segist vera í slíkum hugleiðingum.

Það er alltaf gaman í Gaflaraleikhúsinu
Gunni og Felix í drepfyndnum fjölskyldufarsa

★★★★
"Leikhúsgaldrar og töfrabrögð eru nýtt með frábærum hætti í sýningunni..." Mbl

Síðasta sýning á leikárinu
Sunnudagur 3 maí
kl 13.00

Tryggið ykkur miða
565 5900
midi.is

gaflara LEIKHÚSIÐ

Gluggafilmur
Sand& sólarfilma
544 2030
MERKISMENN
www.merkismenn.is

Dýralæknirinn í hjarta Reykjavíkur!
Í okkar augum er dýrið þitt einstakt!
Dýralækningastofa Helgu Finnsdóttur
Skipasundi 15
Sérgrein: Sjúkdómar hunda og katta
Sími 553 7107 • www.dyralaeknir.com

Vantar óháðan aðila til að annast málefni húsfélagsins eða rekstrarfélagsins?
» Eignaumsjón er óháður fagaðili þegar kemur að rekstri húsfélaga og rekstrarfélaga – og því frábær lausn fyrir eigendur atvinnuhúsnæðis. Í okkar umsjá ertu í góðum höndum - við sjáum um fjármálin, fundina, undirbúning framkvæmda og viðhalds og annarra þátta sem þarf að leysa.
Eignaumsjón hf. – Suðurlandsbraut 30 – Sími 585 4800 – afgreidsla@eignaumsjon.is – www.eignaumsjon.is
EIGNAumsjón

Einkavæðing og innlimum Iðnskólans í Tækniskólann:

Ákveðið fyrir löngu?

Ákvörðun um yfirtöku Tækniskólans á Iðnskólanum í Hafnarfirði virðist eiga sér mun lengri aðdraganda en yfirlýsingar Menntamálaráðuneytisins gefa til kynna. Svo virðist sem hafist hafi verið handa við undirbúning einkavæðingarinnar í menntamálaráðuneyti Illuga Gunnarssonar snemma árs 2014.

Fullyrt er að í febrúar á þessu ári hafi stjórn Tækniskólans óskað eftir fund með ráðherra um málið. Þar hafi komið fram hugmynd um að sameina skólana tvo sem nú er staðreynd. Allt þetta hafi gengið hratt fyrir sig. Verkefnahópur var skipaður 18. mars og gert að skila skýrslu 21. apríl. Menntamálaráðherra á þá að hafa tekið ákvörðun þá þegar en tilkynnt var um ákvörðunina með formlegum hætti á vef Menntamálaráðuneytis á þriðjudag. Þá var búið að fjalla um málið í fjölmiðlum.

Ekki þarf sérstaka lagaheimild til að einkavæða einstaka framhaldsskóla.

Ítarlega er fjallað um málið í úttekt Atla Þórs Fanndal blaðamanns. Sjá bls. 10-11.

Ákvörðun verði endurskoðuð

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur kallað eftir því að ráðherra endurskoði ákvörðun um sameiningu Iðnskólans við Tækniskólans. Hún samþykkti jafnframt á fundi á miðvikudag að kalla eftir skýrum svörum frá ráðherra um ýmis atriði sem málið varðar og hefur bæjarstjóri þegar óskað eftir fundi með ráðherra vegna stöðunnar.

Framkvæmdir í Urriðaholti:

Hálsafell bauð lægst

Bæjarráð Garðabæjar hefur samþykkt að ganga til samninga við Hálsafell ehf. um gatnagerð í öðrum áfanga í norðurhluta Urriðaholts sem nú er í uppbyggingu. Bæjarverkfræðingi er falið að sjá um samninga.

Þrír skiluðu tilboðum til bæjarsins. ÍAV bauð rúmar 268 milljónir króna. Ístak Íslands bauð 299 milljónir en Hálsafell tæpar 232 milljónir króna. Kostnaðaráætlun hljóðaði upp á rétt tæpar 300 milljónir króna.

Fulltrúar minnihlutans í Garðabæ vilja áheyrnarfulltrúa í nefndir:

Íbúafundir duga ekki til

Steinþór Einarsson, bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar í Garðabæ, ræddi hugmyndir minnihlutans í bæjarstjórn um áheyrnarfulltrúa í nefndum bæjarins á bæjarstjórnarfundi á dögunum. Tillagan hefur ekki náð fram að ganga en með henni leggja bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar, Fólksins í bænum, sem eiga einn fulltrúa hvor og Bjartrar framtíðar sem er með tvo fulltrúa, til að áheyrnarfulltrúar verði skipaðir í þær fastanefndir bæjarins þar sem fulltrúar allra flokka eiga ekki fulltrúa.

„Sveitarstjórnarlögin setja ákvörðun um skipan áheyrnarfulltrúa í nefndum, sem ekki fara með fullnaðarákvörðun, í hendur sveitarstjórna. Með þessari ákvörðun meirihlutans er Garðabær eitt örfárra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, líklega annað tveggja sveitarfélaga sem ekki heimilar skipan áheyrnarfulltrúa í nefndir. Allt tal meirihlutans um að í stað áheyrnarfulltrúa komi til opnir íbúafundir er fyrirsláttur og kemur á engan hátt í stað fundarsetu í nefndum," segir meðal annars í bókun minnihlutaflokkanna í Garðabæ.

Sveitarfélögin sýni fordæmi

Baráttan fyrir því að allir njóti réttar til virkar þátttöku á vinnumarkaði, að fólk með skerta starfsgetu finni kröftum sínum farveg fjallar heldur ekki aðeins um þeirra rétt og hagsmuni, heldur samfélagsins alls. Hún snýr ekkert síður að því að samfélagið viðurkenni og nýti til fulls alla þá hæfileika og krafta sem það býr yfir sem ein heild," segir Gunnar Axel Axelsson, oddviti Samfylkingarinnar í grein hér í blaðinu. Áfram heldur hann: „Á alþjóðlegum baráttudegi launafólks er ástæða til að undirstrika mikilvægi þess að sveitarfélög og fyrirtæki í eigu þeirra fari fram með góðu fordæmi í atvinnumálum fatlaðs fólks og setji sér skýr markmið um að vinna gegn allri mismunun vegna fötlunar, meðal annars með því að tryggja framboð starfa sem henta fólki með mismunandi starfsgetu. Hafnarfjarðarbær er stór vinnuveitandi og hefur því ríkar skyldur og mikilvægu hlutverki að gegna á þessu sviði."

Gunnar Axel.

Ellen Calmon.

Ellen Calmon, formaður Öryrkjabandalags Íslands minnir á tillögur Öryrkjabandalagsins um starfsgetumats í grein hér sömuleiðis og hvetur til þess að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks verði lögfestur hér á landi.

Sjá bls. 4.

Verkalýðsfélagið Hlíf, Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis og Efling – stéttarfélag hafa tilkynnt ríkissáttasemjara og Samtökum atvinnulífsins að yfirstandandi kjaradeilu hafi verið vísað til ríkissáttasemjara. Samningaviðræður hafi ekki skilað árangri og stóra samninganefnd Flóafélaganna því einróma ákveðið þetta. Verkfall Starfsgreinasambandsins á landsbyggðinni hófst í gær og félagar í BHM hafa fyrir nokkru hafið verkfallsaðgerðir.

innrammarinn
Fjarðargötu 19, Hafnarfirði
Velkomin á nýtt rammaverkstæði og verslun
COMMENDED FRAMER
Úrval tilbúinna ramma og myndaalbúma
Rauðarárstíg 33, 105 Reykjavík
Fjarðargötu 19, 220 Hafnarfirði,
sími 511-7000, www.innrammarinn.is

Bryndís Björgvinsdóttir hér til hægri ásamt Birgittu Hassel sem hlaut verðlaun fyrir þýðingu á unglingabókinni Eleanor og Park.

Bryndís fékk verðlaunin

Hafnfirðingurinn Bryndís Björgvinsdóttir tók á dögunum við barnabókaverðlaunum skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur, en þau voru afhent við athöfn í Höfða. Verðlaunin fær hún fyrir bókina Hafnfirðingabrandarann sem Vaka Helgafell gaf út.

Í umsögn valnefndar um verðlaunabókina Hafnfirðingabrandarann segir m.a. :

„Hafnfirðingabrandarinn er marglaga skáldsaga þar sem fjallað er um sígild stef í lífi unglinga eins og fyrstu ástina og ástarsorgina, félagslíf og samskiptamynstur sem aldrei er eins flókið og á unglingsárum, ofsakvíða, ofsakæti og allt þar á milli. Sagan er umfram allt skrifuð af leiftrandi stílgáfu, umvefjandi hlýju og heilnæmum húmor sem fær lesendur á öllum aldri til að njóta lestrarins og hreinlega tæta bókina í sig."

Bryndís Björgvinsdóttir hefur einnig hlotið íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir Hafnfirðingabrandarann og fleiri viðurkenningar.

Fjallað er um bókina á bls. 12.

Hógvær krafa launafólks

Okkur berast einnig fréttir af því að arðgreiðslur og stjórnarlaun hækki gríðarlega og í engu samræmi við tilboðin sem atvinnurekendur setja fram í kjaraviðræðunum. Hækkun lágmarkslauna í 300 þúsund krónur á þremur árum er við slíkar aðstæður hógvær krafa, enda samfélagslegt markmið okkar að atvinnurekstur sé það arðsamur að hann standi undir mannsæmandi launum. Það á að skipta hagnaði af rekstri með eðlilegum hætti milli launafólks og eigenda," segir Katrín Júlíusdóttir, þingmaður og varaformaður Samfylkingarinnar í grein hér í blaðinu.

Sjá bls. 4.

Fyrsta konan til að gegna embætti bæjarstjóra minnist íbúakosningar um álverið:

Helmingur bæjarbúa var sammála einum

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir fyrrverandi bæjarstjóri, sem nú hefur sagt sig úr bæjarstjórn og hafið störf fyrir Alþýðusambandið, minnist tveggja hluta sérstaklega, þegar hún er spurð um árangur sinn í stjórnmálum. „Ég tel það afrek að hafa náð að ljúka samningum um endurfjármögnun erlendra lána Hafnarfjarðarbæjar. Í öðru lagi er það niðurstaða íbúakosningar um tillögu að breytingu á deiliskipulag vegna álversins. Það var magnað að upplifa það að vera eini bæjarfulltrúinn sem greiddi atkvæði gegn tillögunni í bæjarstjórn en komast svo að því við niðurstöðu íbúakosningarinnar að helmingur bæjarbúa greiddu atkvæði gegn deiliskipulagstillögunni," segir Guðrún Ágústa í viðtali við blaðið.

Sjá bls. 8.

Viltu vinna íbúð?

6 íbúðavinningar á happdrættisárinu að verðmæti 30 milljónir hver!

Nýtt happdrættisár framundan með enn glæsilegri skattfrjálsum vinningum

- Sex 30 milljóna króna vinningar á tvöfaldan miða eða 15 milljónir króna á einfaldan miða

Drögum út 51 þúsund vinninga á árinu.
Heildarverðmæti vinninga er rúmur milljarður.

Miðaverð 1.500 kr. á mánuði fyrir einfaldan miða og 3.000 kr. fyrir tvöfaldan miða.

Kauptu miða á www.das.is eða í síma 561 7757.

Fylgstu með okkur á Facebook

DREGIÐ Í HVERRI VIKU

ÍSLENSKA SÍA IS DAS 73611 04/15

Leiðari

Stöðugleiki hvað?

Fyrsti maí er runninn upp og við heyrum Grýlu garga. Hún er í búningi ráðherra, þingmanna, Samtaka atvinnulífsins og jafnvel Seðlabankans. Hér fer allt í bál og brand ef fólk fær mannsæmandi laun fyrir vinnu sína.

Því skulum við aðeins staldra við og spyrja: Hvers virði er samfélag þar sem fólk getur ekki lifað mannsæmandi lífi? Hvers virði eru þau fyrirtæki sem ekki geta greitt starfsfólki þau laun að gera því þetta kleift?

Þar er útgangspunkturinn. Ekki í hræðsluáróðri um að verja ímyndaðan stöðugleika sem virðist fólginn í að halda þorra launafólks í gíslingu lágra launa, yfirvinnuvítahrings og kvíða um hver mánaðamót.

Þess utan gefa fréttir tilefni til að ætla að stjórnendur og fjármagnseigendur telji nóg vera til af peningum. Spyrjið bara hluthafa HB Granda, eða framkvæmdastjóra KEA sem fékk fimm milljóna króna launahækkun í fyrra. Nú eða stjórn Samtaka atvinnulífsins þar sem mánaðarsporslurnar eru mældar í árslaunum venjulegs fólks.

Verkfallsaðgerðir BHM undanfarið og Starfsgreinasambandsins í gær sýna, að það eru fleiri stéttir en læknar sem eru ómissandi fyrir samfélagið og allt gangverk okkar daglega lífs; hvort sem við eigum erindi á sjúkrahús, við fasteignasala eða í matvöruverslun.

Það er ekki verkefni stjórnvalda að verja misskiptingu og óréttlæti. Engin ábyrg stjórnvöld geta leyft sér að stinga hausnum í sandinn og segja pass.

Viðbrögð við sanngjörnum kröfum eiga að felast í að leita allra leiða til að meta fólk og störf þess að verðleikum.

Sjáumst í göngunni!

Ingimar Karl Helgason

Sömu tækifæri og hvati til atvinnuþátttöku

Í dag á baráttudegi verkalýðsins mun í göngunni þramma hópur fatlaðs fólks og örorkulífeyrisþega. Krafan um atvinnu fyrir alla í samræmi við Samning sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks verður söngur þeirra í dag. Krafan um jöfn tækifæri fatlaðs fólks og örorkulífeyrisþega til atvinnuþátttöku með viðeigandi aðlögun og fjárhagslegum hvata er megininntakið.

Fjárhagslegur hvati

Eins og lífeyriskerfið er uppbyggt í dag, annars vegar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins og hins vegar frá lífeyrissjóðunum er fjárhagslegur hvati til að stunda hlutastarf, þó einkum vegna bótaflokks sem kallast sérstök framfærsluuppbót, enginn. Þeir sem hafa tækifæri til að vinna sér inn 30 – 40 þúsund krónur á mánuði hafa engan fjárhagslegan ávinning af því, þar sem innkoman skerðir lífeyririnn um nákvæmlega sömu upphæð. Í skýrslunni Virkt samfélag[1)] sem Öryrkjabandalag Íslands gaf út á dögunum og fjallar um tillögur að heildstæðu kerfi starfsgetumats og framfærslu á grundvelli þess er lagt til að sérstök framfærsluppbót verði sameinuð tekjutryggingu svo fjárhagslegur hvati til atvinnuþátttöku aukist. Þessu geta stjórnvöld breytt með skjótum hætti.

Hlutastörf við hæfi og viðeigandi aðlögun

Skert starfsgeta getur þýtt að viðkomandi hafi einungis starfsgetu til að sinna heimilislífi og eigin umhirðu, en hún getur einnig þýtt að viðkomandi geti stundað hlutastarf við hæfi. Þá er átt við sveigjanleg störf með viðeigandi aðlögun, þar sem tekið er mið af mismunandi skerðingum fólks með tilliti til vinnutíma, vinnutilhögun og vinnufyrirkomulag.

Í óformlegri könnun sem ÖBÍ gerði síðastliðið vor kom í ljós að fá hlutastörf með hæfilegum sveigjanleika og aðlögun voru í boði fyrir fatlað fólk og fólk með skerta starfsgetu en fjölga þarf slíkum störfum. Þar þyrfti ríki og sveitarfélög að ganga fram með góðu fordæmi, enda stórir atvinnurekendur. Ein leið til þess væri sú að skylda yrði að ráða ákveðið hlutfall starfsfólks með skerta starfsgetu. Þá er nauðsynlegt að komið verði á löggjöf um bann við mismunun á vinnumarkaði á grundvelli fötlunar til að tryggja rétt fatlaðs fólks á vinnmarkaði þannig að það þurfi ekki að óttast að missa starf vegna fötlunar.

Höfundur er Ellen Calmon, formaður ÖBÍ

Framfærsla skal tryggð

Þá er einnig mikilvægt að geta þess að í hverju samfélagi er og verður ávallt hópur fólks sem getur ekki og mun aldrei geta stundað vinnu. Þessum hópi samfélagsins sem og öðrum örorkulífeyrisþegum skal ávallt tryggð framfærsla sem er í takti við dæmigerða framfærslu hvers tíma og er í dag ríflega 300.000 krónur.

Að lokum vil èg hvetja þig til að skrifa undir àskorun til stjórnvalda á obi. is að lögfesta Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fòlks

Sjáumst í göngunni í dag!

Baráttukveðjur, Ellen Calmon formaður ÖBÍ

1)Virkt samfélag má sjá hér: http://www.obi.is/media/utgafa/Virkt-samfelag_net.pdf

Stuðningur við baráttu launafólks

Við búum í öflugu samfélagi sem býr yfir ríkulegum auðlindum og háu menntunar- og atvinnustigi. Hér á landi eru öll tækifæri til að skapa frið og góð lífsskilyrði fyrir alla, en þá er líka nauðsynlegt að hugsa um heildina en ekki aðeins um hagsmuni fárra. Daglega berast fréttir af möguleikum okkar á að hafa gríðarlegan arð af sameiginlegum auðlindum okkar, ef arðinum væri rétt skipt. Ríkisstjórnin er orðin stærsta hindrunin í því.

Forystumenn ríkisstjórnarinnar segja að of langt hafi verið gengið í átt að jöfnuði á síðasta kjörtímabili og að líklega séu lægstu laun orðin of há. Þau ummæli eru í góðu samræmi við aðgerðir ríkisstjórnarinnar undanfarin tvö ár þar sem allt kapp hefur verið lagt á að auka ójöfnuð með skattlagningu og hækkun gjalda í heilbrigðisþjónustunni svo eitthvað sé nefnt. Á sama tíma bera lágtekju- og meðaltekjufólk fullan kostnað af hruni íslensku krónunnar með launum sem eru mun lægri en gerist í nágrannalöndunum.

Höfundur er Katrín Júlíusdóttir, varaformaður Samfylkingarinnar

Verkfallsrétturinn er helgur

Við þessar aðstæður kemur ekki á óvart að launafólk sæki sér kjarabætur. Bætur fyrir krónuna, fyrir ójafna skattbyrði og hækkandi gjöld. Það er ekki nema eitt og hálft ár síðan að komið var á sátt milli allra aðila á vinnumarkaði með samningum um hóflegar launahækkanir. Friðurinn var hins vegar rofinn þegar ríkisstjórnin samdi við tiltekna hópa um margfalt meiri hækkanir og gerði öðrum ljóst að þeir yrðu látnir sitja eftir.

Launafólk nýtir nú sitt eina vopn í kjarabaráttunni, verkfallsréttinn, en sá helgi réttur er síðasta úrræðið í baráttunni fyrir betri lífskjörum. Það leikur sér enginn að verkföllum, enda er það þungbær aðgerð fyrir alla aðila. Þess vegna ætti ríkisstjórnin nú að leita allra leiða til að sætta sjónarmið með heildrænum og skapandi hætti í stað þess að gagnrýna aðgerðir og samtakamátt launafólks.

Aukinn kaupmáttur

Það er stefna okkar Samfylkingarfólks og bjargföst trú að samstarf eigi að vera milli allra aðila á vinnumarkaði; verkalýðshreyfingarinnar, atvinnurekenda og ríkisins. Samstarfið á að snúast um kaupmátt og lífskjör, húsnæðismál, skattbreytingar, peningastefnu og jöfn tækifæri því þannig vinnum við að friði og gegn misskiptingu.

Það er jafnframt stefna okkar jafnaðarmanna að ríkið eigi að beita tekjujöfnunaraðgerðum s.s. með þrepaskiptu skattkerfi sem hlífir þeim tekjulægstu, með lágum virðisaukaskatti á nauðsynjar og með húsnæðis- og barnabótum sem styðja raunverulega við barnafjölskyldur.

Þá eru ótaldar aðrar mikilvægar óbeinar aðgerðir til að létta byrði almennings s.s. aukin framlög til velferðarkerfisins, til menntakerfisins og öflug aðkoma að breytingum í húsnæðismálum.

Öflugt og réttlátt samfélag

Okkur berast einnig fréttir af því að arðgreiðslur og stjórnarlaun hækki gríðarlega og í engu samræmi við tilboðin sem atvinnurekendur setja fram í kjaraviðræðunum. Hækkun lágmarkslauna í 300 þúsund krónur á þremur árum er við slíkar aðstæður hógvær krafa, enda samfélagslegt markmið okkar að atvinnurekstur sé það arðsamur að hann standi undir mannsæmandi launum. Það á að skipta hagnaði af rekstri með eðlilegum hætti milli launafólks og eigenda.

Við jafnaðarmenn viljum ekki samfélag þar sem þorri landsmanna fær þau skilaboð frá stjórnvöldum að þeim beri að þakka fyrir það sem hrekkur af borðum þeirra sem mest eiga. Við viljum að allir séu gerendur í eigin lífi og geti notið mannsæmandi kjara. Þannig byggjum við öflugt og réttlátt samfélag.

Virkjum alla hæfileikana

Í samfélagi okkar er vinnan í senn grundvöllur fjárhagslegs sjálfstæðis og félagslegrar þátttöku. Hún er því órjúfanlegur þáttur í lífi okkar og forsenda heilbrigðrar sjálfsmyndar hvers einstaklings.

Í Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks felst formleg viðurkenning alþjóðasamfélagsins á því að fatlað fólk skuli njóta sama réttar og aðrir þegnar. Hugmyndin að baki samningnum er einföld, að skapa eitt samfélag fyrir alla, án aðgreiningar. Réttur allra til þátttöku á vinnumarkaði er ein af grunnforsendum þess að því markmiði verði náð.

Baráttan fyrir því að allir njóti réttar til virkar þátttöku á vinnumarkaði, að fólk með skerta starfsgetu finni kröftum sínum farveg fjallar heldur ekki aðeins um þeirra rétt og hagsmuni, heldur samfélagsins alls. Hún snýr ekkert síður að því að samfélagið viðurkenni og nýti til fulls alla þá hæfileika og krafta sem það býr yfir sem ein heild.

Á alþjóðlegum baráttudegi launafólks er ástæða til að undirstrika mikilvægi þess að sveitarfélög og fyrirtæki í eigu þeirra fari fram með góðu fordæmi í atvinnumálum fatlaðs fólks og setji sér skýr markmið um að vinna gegn allri mismunun vegna fötlunar, meðal annars með því að tryggja framboð starfa sem henta fólki með mismunandi starfsgetu. Hafnarfjarðarbær er stór vinnuveitandi og hefur því ríkar skyldur og mikilvægu hlutverki að gegna á þessu sviði.

Sveitarfélögin í fararbroddi

Í kjölfar frétta af uppsögnum starfsmanna sem áður sinntu umsýslu ferðaþjónustu fatlaðs fólks hjá Strætó samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar í janúar sl. að árétta stefnu sína um að tryggja bæri rétt allra til virkrar þátttöku í samfélaginu og mikilvægi þess að sveitarfélög væru í fararbroddi í þeim efnum. Þessa ályktun bæjarstjórnar Hafnarfjarðar má líta á sem tilraun til að marka upphafið að sameiginlegri stefnumörkun sveitarfélaganna sem eiga í viðtæku samstarfi um veitingu almannaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu og til mikilvægra umbóta á þessu sviði.

Fyrirtæki í eigu sveitarfélaga ekki undanskilin

Í ályktun sinni beindi bæjarstjórn orðum sínum sérstaklega til stjórnar Strætó bs. sem er fyrirtæki að hluta í eigu Hafnarfjarðarbæjar og óskaði eftir því að hún tæki til endurskoðunar starfsmannastefnu fyrirtækisins og léti fara fram heildstæða endurskoðun á starfsemi þess, þjónustu og fyrirkomulagi starfsmannamála, með það að markmiði að tryggja að ákvæði Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks væru uppfyllt.

Höfundur er Gunnar Axel Axelsson, bæjarfulltrúi og oddviti Samfylkingarinnar í Hafnarfirði

Mikilvægt er að fylgja eftir ályktun bæjarstjórnar og framkvæmd stefnumörkunarinnar. Við treystum því að unnið verði í anda hennar hjá Hafnarfjarðarbæ og stjórn Strætó tryggi sömuleiðis að það öfluga þjónustufyrirtæki í almannaeigu verði góð fyrirmynd á þessu sviði eins og öðrum.

HAFNARFJÖRÐUR / GARÐABÆR
9. TBL. 5. ÁRGANGUR 2015

ÚTGEFANDI: Fótspor ehf. **Ábyrgðarmaður:** Ámundi Ámundason, sími: 824 2466, netfang: amundi@fotspor.is. **Framkvæmdastjóri:** Ámundi Steinar Ámundason, netfang: as@fotspor.is. **Auglýsingastjóri:** Ámundi Ámundason, Suðurlandsbraut 54, 108 Reykjavík. Auglýsingasími 578 1190, netfang: auglysingar@fotspor.is, **Veffang:** fotspor.is, **Ritstjóri:** Ingimar Karl Helgason, sími: 659-3442 netfang: ingimarkarlhelgason@gmail.com, **Matarblaðamaður:** Svavar Halldórsson. Sími. 869-4940. Netfang. svavar@islenskurmatur.is, **Umbrot:** Prentsnið, **Prentun:** Ísafoldarprentsmiðja, 13.500 eintök. **Dreifing:** Póstdreifing.

FRÍBLAÐINU ER DREIFT Í **13.500** EINTÖKUM Í ALLAR ÍBÚÐIR Í HAFNARFIRÐI / GARÐABÆ

Findus kanilsnúðar

Hvað er betra en að vakna upp við angan af ilmandi bakkelsi?

BÆJARBÚINN YFIRHEYRSLA

Valur Grettisson:

Æfði handbolta í fimm mínútur

Valur Grettisson, blaðamaður og rithöfundur er Hafnfirðingur í húð og hár. Hann hefur nýlega sent frá sér skáldsöguna „Gott fólk“ sem þó á sér fyrirmyndir í raunverulegum atburðum. Hann hefur starfað við blaðamennsku um langt skeið og gerir enn. Valur er fjölskyldumaður, á tvo syni, Ólaf Gretti og Illuga með konu sinni Hönnu Ruth Ólafsdóttur. Stærstu sigarar hans eru að hafa komið fjölskyldunni á laggirnar, eins og hann segir sjálfur. En í starfi nefnir hann afhjúpunina um Breiðuvíkurmálin og svo skáldsagan nýja. Valur Grettisson er í yfirheyrslunni að þessu sinni.

Hver eru þín helstu áhugamál?
Þau er í raun svo breytileg. En það sem ég hef alltaf haldið mig við eru skriftirnar, sem eru reyndar orðnar að atvinnumennsku núna. Annars fylgist ég vel með þjóðmálaumræðunni starfs míns vegna. Það mætti kalla það áhugamál. Eða óheilbrigðan áhuga á rugluðu samfélagi. En það er líka af ákveðinni atvinnumennsku sem ég fylgist vel með.

Hver er þinn helsti kostur?
Það er eitthvað einkennilegt við að dæma eigin galla og kost. Held að maður sé yfirleitt frekar blindur á sig sjálfan almennt. Dálítið eins og að reyna að finna stafsetningavillurnar í eigin texta. Annars held ég að óþolinmæði sé minn helsti kostur og ókostur. Ég vinn og leik mér hratt og örugglega en stundum geri ég mistök vegna þess að ég gef mér ekki nægan tíma til þess að gaumgæfa það sem ég er að gera. Ég er að vinna að því að betrumbæta mig.

En galli?
Sjá svar fyrir ofan

Hver er fallegasti staðurinn á Íslandi?
Fjallgarðurinn á Reykjanesi á fallegum vetrardegi

En í Hafnarfirði?
Hellisgerði

Eftirlætis íþróttafélag?
Ég er gamall Haukari. Æfði handbolta í einhverjar fimm mínútur hjá Haukum og hef verið stuðningsmaður félagsins síðan. Annars bý ég við átakanlegt áhugaleysi á íþróttum sem jaðrar við að vera fötlun.

Hvað áttu marga „vini“ á Facebook?
Rétt yfir þúsund. 1028 ef við viljum vera nákvæm.

Uppáhaldsmatur og drykkur?
Bjór á tyllidögum og rauðan kristal plús þess á milli. Annars eru ítölsku kjötbollurnar sem ég elda sjálfur í uppáhaldi hjá mér.

Uppáhaldstónlistarmaður eða tónlistarstefna? / Uppáhaldslag/plata?
Ég á ekki endilega uppáhaldstónlistarmenn en er mjög jaðarmiðaður þegar kemur að tónlist. Þannig hlusta ég nær eingöngu á raftónlist þessa dagana. Ef ég ætti að nefna listamenn sem ég er með í eyranu þá eru það SBRTK, Romare, Darkside og Jai Paul. Af íslensku efni elska ég Samaris, Prins Póló og hef verið að uppgötva Shades of Reykjavík sem er skemmtilegt sýnishorn af úrkynjaðri æskuÍslands.

Hvaða bók, lag eða listaverk hefur haft mest áhrif á þig og hvers vegna?
Þegar stórt er spurt. Það er í sjálfu sér ekkert eitt. Þetta er meira eins og hrærigrautur sem ég hef drukkið í mig. En það skáld sem hefur einstakt lag á að fanga hjarta mitt er Dostojevskí. Ástæðan er ekki einföld. Hann hreyfir við mér, sem er nokkuð sem ég krefst þess að listamaður geri þegar ég nýt listarinnar. Mér er í sjálfu sér sama hvernig það er gert.

Hvert sækirðu afþreyingu? Sjónvarp, útvarp, bók eða net?
Svarið er eiginlega allt saman. Hreinskilna svarið er netið.

Hvað vildirðu verða þegar þú yrðir stór?
Brjálaður vísindamaður.

Hvert var fyrsta starfið, og hvað hefurðu tekið þér fyrir hendur fram að þessu?
Fyrsta vinnan var unglingavinnan í Hafnarfirði. Þar lærði maður ýmislegt, um gang lífsins og almennt vinnusiðferði. Kannski meira um að leggja sig þegar enginn sá til manns. Síðan hef ég starfað við garðyrkju, verkamannavinnu, sem þjónn og starfsmaður I félagsmiðstöð. Einu sinni seldi ég meira að það segja rósir í miðborg Reykjavíkur. En ég entist ekki lengi í því.

Ef þú værir ekki á fullu í ritstörfum og blaðamennsku, hvað tækirðu þér fyrir hendur?
Ég veit það ekki, ef ég á að vera alveg hreinskilinn. Líklega myndi ég bara mæla göturnar í miðbænum og reyna viðhalda einhverju jafnvægi í hjarta mínu.

Hvert var fyrsta „breikið“ þitt í ritlistinni?
Sennilega er þessi útgáfa fyrsta raunverulega tækifærið. En ég hef verið iðinn að taka þátt í smásagnasamkeppnum og gengið ágætlega þar.

Hvað sýslarðu annað en það og blaðamennsku?
Ég sinni fjölskyldunni og vinum. Svo reyni ég að hreyfa mig eitthvað þess á milli.

Áttu þér fyrirmynd í leik eða starfi?
Nei.

Varstu lengi að skrifa bókina?
Nei, meðgöngutíminn var í raun um ár. Ég skrifaði hana samt á skemmri tíma. Líklega á rúmu hálfu ári, sem þykir ekki mikill tími fyrir skáldverk.

Hvernig gengur að vera rithöfundur og vera líka á fullu við önnur störf?
Það er erfitt. Maður þarf að skipuleggja tímann vel og beita sig töluverðum aga. Það tók mig nokkurn tíma að ná þeim áfanga að setjast niður og skrifa við allar mögulegar aðstæður (þegar börnin eru hlaupandi allt í kring með tilheyrandi hávaða og svo framvegis), en þegar það kom, þá hefur mér gengið nokkuð vel að skrifa. Það vantar allavega ekki hugmyndirnar.



Valur Grettisson heldur á eintökum af nýrri bók sinni.

Hvað er að þínu mati mikilvægast fyrir Hafnarfjörðinn?
Að hann verði áfram fjölskylduvænn og áherslan verði áfram á fjölskyldufólk. Það er það sem hefur gert Hafnarfjörð einstakan að mínu mati. Þar má finna ótrúlega öflugt iþrótta- og tómstundarstarf. Líka öflugan tónlistarskóla sem hefur getið af sér kröftuga tónlistarsenu í bænum. Þetta er hryggjastykki bæjarins.

Að því sögðu, hvað mætti gera betur í Hafnarfirðinum?
Það mætti huga betur að skipuagsmálunum.

Hvaða stundir í lífinu eru gleðilegastar?
Þessar óvæntu.

Hvað er svo framundan hjá þér?
Vinna, samvera með fjölskyldunni og vonandi ljóðahandrit sem ég er að vinna að. Og kannski önnur skáldsaga í náinni framtíð.

Lífsmottó:
Ég hef engar sérstakar lífsreglur. Það sem hefur skilað mér mestu í gegnum tíðina er eljan og dugnaðurinn og sækja það fast sem maður vill án þess að gefast upp. Í fáum orðum:
Vertu hress, ekkert stress og borðaðu kex!

SKEMMTUN FYRIR ALLA

SMÁRA TÍVOLI

Í SMÁRATÍVOLÍ FINNUR ÖLL FJÖLSKYLDAN SKEMMTUN VIÐ SITT HÆFI. ÚRVAL LEIKTÆKJA OG TÍVOLÍLEIKJA Á 2 HÆÐUM.

Í BARNAGÆSLUNNI FÁ ÖLL BÖRN FRÍA ANDLITSMÁLNINGU OG GETA LEIKIÐ Í ÆVINTÝRALEGU UMHVERFI Í ALLT AÐ 2 KLUKKUSTUNDIR. GLÆSILEGIR TÍVOLÍVINNINGAR Í TÍVOLÍBORÐINU SEM ÞÚ GETUR VALIÐ EFTIR AÐ HAFA SPILAÐ LEIKINA OG SAFNAÐ ÞÉR TÍVOLÍMIÐUM.

DREKINN SMÁRI HEILSAR UPPÁ BÖRNIN Á LAUGARDÖGUM Í SUMAR, FÁÐU MYND AF ÞÉR MEÐ SMÁRA OG SETTU Á FACEBOOK EÐA INSTAGRAM MEÐ MERKINU #SMARATIVOLI

Tívolímiðar

VELDU ÞÉR VINNING FYRIR MIÐANA ÞÍNA

pepsi

SMÁRA TÍVOLI

SKEMMTUN FYRIR ALLA!

Opnunartími
Mán. - fim. frá kl. 14 til 22
Föstudaga frá kl. 14 til 23
Laugardaga frá kl. 12 til 23
Sunnudaga frá kl.13 til 22

www.smarativoli.is / Sími 534 1900 / Smáralind

VIÐTAL

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir varð fyrsta konan til að gegna embætti bæjarstjóra í Hafnarfirði:

Hraður hjartsláttur og fiðrildi í maga

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, fyrrverandu bæjarfulltrúi VG baðst lausnar frá skyldum sínum á dögunum og er farin til starfa sem framkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands, á tíma þegar samfélagið nötrar í verkalýðsátökum, þúsundir hafa lagt niður störf og hugsanlega fleiri á leiðinni í verkfall.

Guðrún Ágústa varð fyrsta konan til þess að setjast í bæjarstjórastólinn í Hafnarfirði, en frá árinu 1908, þegar bærinn fékk kaupstaðarréttindi, höfðu eingöngu karlar vermt þennan stól.

Hún svarar hér nokkrum spurningum Bæjarblaðsins Hafnarfjörður/Garðabær á þessum tímamótum. Hún segir frá upphafi stjórnmála þátttöku sinnar, rifjar upp íbúakosningu um álverið, glímuna við fjárhagserfiðleika bæjarns eftir hrunið og hvers vegna hún hverfur til annarra starfa. Um það segir hún meðal annars: „Það að fá að vera hluti af því teymi sem leggur metnað sinn í að hafa áhrif á mótun samfélagsins og vera þátttakandi í baráttu launafólks fyrir réttindum og bættum kjörum er því að mínu mati mjög eftirsóknarvert."

- Hvað varð til þess að þú byrjaðir að skipta þér af pólitík og hvenær hófst sá ferill?

Ég byrjaði eiginlega að skipta mér af pólitík strax á menntaskólaárunum mínum þegar ég og nokkrir félagar mínir buðum okkur fram í ritstjórn skólablaðsins Draupni í Flensborg. Okkur til mikillar hrellingar hættu andstæðingar okkar við sitt framboð svo við vorum sjálfkjörin og sátum uppi með útgáfu skólablaðsins það árið. Eftir þá reynslu kom ég ekki nálægt stjórnmálum fyrr en árið 2006.

- Hvers vegna fórstu í VG?

Það var einhvern tíma snemma árs 2006 að ég fékk símtal frá góðum félaga í VG þar sem hann bauð mér að koma á fund hjá þeim í Hafnarfirði. Síðan fylgdu fleiri fundir í kjölfarið og ég ákvað að slá til og taka fullan þátt. Það endaði svo með því að ég leiddi lista Vinstri grænna vorið 2006. Það má því kannski segja að VG hafi komið til mín ekki síður en að ég hafi farið í VG.

- Hvert er mesta afrek sem þér finnst þú hafa náð í starfi þínu í stjórnmálum?

Það er alltaf spurning hvað eigi að telja til afreka. En það er tvennt sem kemur helst upp í hugann. Í fyrsta lagi þá tel ég það afrek að hafa náð að ljúka samningum um endurfjármögnun erlendra lána Hafnarfjarðarbæjar. Í öðru lagi er það niðurstaða íbúakosningar um tillögu að breytingu á deiliskipulag vegna álversins. Það var magnað að upplifa það að vera eini bæjarfulltrúinn sem greiddi atkvæði gegn tillögunni í bæjarstjórn en komast svo að því við niðurstöðu íbúakosningarinnar að helmingur bæjarbúa greiddu atkvæði gegn deiliskipulagstillögunni.

Guðrún Ágústa við Ráðhúsið.

- Hvað var mikilvægast af því sem gerðist?

Ef við erum að skoða sérstaklega síðasta kjörtímabil þá er það ekki spurning að það mikilvægasta var að ná að snúa fjárhagsstöðu Hafnarfjarðar og tryggja fjárhagslegan stöðugleika í rekstri sveitarfélagsins. Þennan árangur má ekki síst þakka samstilltu átaki frábærs starfsfólks Hafnarfjarðarbæjar.

- Hvers vegna hefurðu tekið þátt í stjórnmálum allan þennan tíma?

Ég hef tekið þátt vegna þess að ég tel mig hafa haft eitthvað fram að færa og ég hef alltaf haft gaman af því að taka þátt í stjórnmálum. Enginn er hins vegar ómissandi, ekki heldur í pólitík og nú er kominn tími til að aðrir fái tækifæri til að njóta sín. Í stað mín kemur öflugur nýr bæjarfulltrúi sem ég er viss um að á eftir að gera marga góða hluti.

- Hvað er skemmtilegast?

Það er skemmtilegast að hafa fengið tækifæri til að kynnast alls konar fólki allt frá leikskólabörnum til háaldraða einstaklinga.

- Hefur þetta tekið tíma frá fjölskyldulífi og annarri launavinnu?

Því er ekki að neita að ef maður ætlar að taka virkan þátt í bæjarmálunum sem bæjarfulltrúi eða fulltrúi í ráði þá er það tímafrekt. Maður verður því að skipuleggja sig vel þannig að það komi sem minnst niður á fjölskyldunni og annarri vinnu.

- Datt þér einhvern tímann í hug að þú yrðir bæjarstjóri?

Nei, ekki fyrr en að niðurstaða kosninganna vorið 2010 sýndi að við Vinstri græn værum í lykilstöðu því bæði Samfylkingin og Sjálfstæðisflokkurinn fengu fimm bæjarfulltrúa.

- Hvernig leið þér í því starfi fyrstu vikuna?

Mér leið reyndar alltaf vel í starfi bæjarstjóra en því er ekki að neita að fyrstu vikurnar einkenndust af fiðrildum í maga og hröðum hjartslætti enda mikil ábyrgð að vera bæjarstjóri í þriðja stærsta sveitarfélagi landsins.

- Hvað varð til þess að þú sóttist eftir núverandi starfi?

Ég hef óþrjótandi áhuga á öllu því sem viðkemur fólki og því að tilheyra samfélagi fyrir alla. Það að fá að vera hluti af því teymi sem leggur metnað sinn í að hafa áhrif á mótun samfélagsins og vera þátttakandi í baráttu launafólks fyrir réttindum og bættum kjörum er því að mínu mati mjög eftirsóknarvert.

- Hvað er framundan þar?

Það er ljóst að það verður nóg að gera á nýjum vettvangi ekki síst í ljósi þeirrar stöðu sem nú er á vinnumarkaði. Ég mun að sjálfsögðu takast á við þau verkefni sem mér eru ætluð en framundan er aðallega það að koma mér inn í starfið og kynnast nýju samstarfsfólki. Ég hlakka til að verða hluti af þeim öfluga hópi sem þar starfar og að takast á við nýjar áskoranir á nýjum vettvangi.

Starf bæjarstjóra er sýnilega margþætt. Hér er bæjarstjórinn ásamt nýbökuðum foreldrum með Hafnfirðing númer 27.000 í fanginu.

Í göngu í góðum hópi fyrir góðum málstað.

ÞORLÁKSHÖFN

Þorlákshöfn er á suð-vesturströnd Íslands. Þar er eina höfn Suðurlands allt austur að Hornafirði. Frá höfninni eru góðar og greiðfærar samgöngur til allra átta, aðeins 40 km til Reykjavíkur og ekki nema u.þ.b. 85 km í Flugstöð Leifs Eiríkssonar eftir Suðurstrandarveginum. Höfnin liggur vel við góðum fiskimiðum og í landi eru fjölmörg fyrirtæki til að vinna úr aflanum. Fiskmarkaður er á staðnum og fullkomin frystigeymsla og tollvöruhús, Kuldaboli, er staðsett við höfnina.

Í Þorlákshöfn eru fjölmörg fyrirtæki sem bjóða fjölhæfa þjónustu fyrir fiski- og flutningaskip t.d. olíuverslun, flutningar, alhliða viðgerðarþjónustur, köfun, netaviðgerðir og lifrabræðsla. Þar er einnig öll helsta þjónusta sem nauðsynleg er í nútímasamfélagi; banki, matvöruverslun, bakarí, kaffihús, veitingastaðir, heilsugæsla, lyfjaverslun, frábært íþróttahús, líkamsræktarstöð og sundlaug.

FYRIRHUGUÐ STÆKKUN HAFNARINNAR

Höfnin hefur verið í mikilli uppbyggingu síðustu ár og framtíðaráform eru um enn meiri stækkun sem gæti þjónustað Evrópusamgöngur - en stórskipahöfn í Þorlákshöfn styttir siglingatíma til helstu borga í Evrópu töluvert miðað við siglingu til og frá Reykjavík. Mikið framboð er af hentugu landrými til ýmiss konar starfsemi og er staðsetningin mjög heppileg út frá helstu skilyrðum sem fjárfestar setja um staðarval fyrir iðnað og framleiðslu. Fyrir liggur skipulag á tæplega 540 hektara iðnaðarsvæði í nágrenni Þorlákshafnar. Samgöngur við svæðið eru góðar og stutt í virkjanir og því er flutningskostnaður orku í lágmarki. Það auk stórskipahafnar hefur verulegt aðdráttarafl fyrir erlend fyrirtæki sem sýnt hafa áhuga á að reka starfsemi á Íslandi.





- Eina höfnin á Suðurlandi
- 40 km til Reykjavíkur
- 85 km í Flugstöð Leifs Eiríkssonar
- Fullkomið frystivöruhótel og landamærastöð
- Bryggjukantar um 1200 m
- Mesta dýpi við kant 8 m
- Dýpi í innsiglingu 7,5 - 8 m
- Fiski-, flutninga- og tollhöfn
- Hafnsögubátur 900 hö.
- Frábært íþróttahús og sundlaug
- Öll almenn þjónusta við skip
- Öll almenn þjónusta við áhafnir
- Fiskmarkaður og fiskvinnslufyrirtæki
- Ísframleiðsla með GÁMES vottun

Þorlákshöfn

Þorlákshöfn
Hafnarbakka 8
815 Þorlákshöfn
Sími 480-3602
Hafnarstjóri 691-6575
hofn@olfus.is
www.olfus.is

Hafnarvog
Sími 480-3601
Fax 483-3528
hafnarvog@olfus.is

Hafnarvörður
Sími 893-3659
- sólarhringsvakt
Kallrás á VHF 12

ARGH! 092014

ÚTTEKT

Einkavæðing bak við tjöldin

Ákvörðun um yfirtöku Tækniskólans á Iðnskólanum í Hafnarfirði á sér mun lengri aðdraganda en yfirlýsingar Menntamálaráðuneytisins gefa til kynna. Svo virðist sem hafist hafi verið handa við undirbúning einkavæðingarinnar í menntamálaráðuneyti Illuga Gunnarssonar snemma árs 2014.

Opinbera sagan er þessi. Í febrúar á þessu ári óskaði stjórn Tækniskólans eftir fund með ráðherra. Þar kom fram sú hugmynd að kanna sameiningu skólanna tveggja. Um það bil viku síðar sendi stjórn Tækniskólans formlega beiðni til menntamálaráðherra að ráðist yrði í gerð fýsileikakönnunar. Verkefnahópur var skipaður 18. mars og gert að skila skýrslu 21. apríl. Menntamálaráðherra á þá að hafa tekið ákvörðun þá þegar en tilkynnt var um ákvörðunina með formlegum hætti á vef Menntamálaráðuneytis á þriðjudag. Þá hafði þegar verið fjallað um málið í fjölmiðlum.

Ekki hefur náðst í Harald L. Líndal þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Lengi staðið til

Unnið hefur verið að sameiningaáformum lengur. Síðasta haust var það umtalað meðal ákveðinna starfsmanna skólanna að til stæði að sameina þá tvo. Þá þegar var ljóst að ætlunin væri að einkavæða Iðnskólann í Hafnarfirði með yfirtöku Tækniskólans á starfsemi hans. Erfitt var að fá skýr svör um hver aðdragandinn að ákvörðun stjórnar Tækniskólans um beiðni um yfirtöku væri. Sagan sem sífellt var endurtekin er sú að málið hafi komið upp í framhjáhlaupi á fundi með ráðherra og einn stjórnarfundur hafi svo verið haldinn til að senda erindi um yfirtökuna.

Þór til Tækniskólans

Þór Pálsson, starfandi skólameistari Iðnskólans í Hafnarfirði, var ráðinn aðstoðarskólameistari Tækniskólans í janúar. Þá stóð til að hann hæfi störf núna í vor. Þór er tímabundið skipaður á meðan Ársæll Guðmundsson, verkefnastjóri í menntamálaráðuneytinu, er í leyfi sem skólameistari. Opinberlega hefur Ársæll sagt að niðurlagning skólans gangi gegn hans eigin hagsmunum, enda verði starf hans lagt niður. Innan skólans er hins vegar ekki annað að heyra en að gríðarleg óánægja hafi verið með störf hans þar og raunar var nokkur ólga innan veggja af þeim sökum. Í samtölum við starfsfólk skólans var stjórnunarstíll Ársæls harðlega gagnrýndur og nefndu heimildarmenn gerræðislega ákvarðanatöku og að hann hefði orðið margsaga um hluti.

Gagnrýna vinnubrögðin

Í maí 2014, skömmu áður en tilkynnt var um að hann hæfi störf í ráðuneytinu ályktaði kennarafélag skólans gegn honum og gagnrýndi uppsagnir á ritara skólans og framkomu við námsráðgjafa skólans. Þær ályktanir beinast gegn Ársæli og var það staðfest í samtölum við fjölda starfsfólks skólans. Í ályktun félagsins um uppsögn ritara segir: „Við álítum uppsagnir ritara skólans tilefnislausar og vinnubrögð og framkvæmd uppsagna forkastanleg og til vansa fyrir skólabraginn.“ Það vekur því spurningar fremur en nokkuð annað þegar verkefnastjóri þess að leggja hinn sama skóla niður segir það beinlínis ganga gegn sínum eigin hagsmunum.

Unnu saman að námskrá

Vinna við námskrá og vinnumat hefur staðið yfir um nokkurn tíma. Við þá vinnu gerði menntamálaráðherra þá kröfu að Iðnskólinn í Hafnarfirði og Tækniskólinn störfuðu saman við hluta þeirrar námskrár. Slíkt er í sjálfu sér ekki óeðlilegt en margir starfsmenn minnast á þetta í samtölum við blaðið og segja þetta vekja upp spurningar um hve lengi hafi staðið til að fara þessa leið til sameiningar.

Lýstu yfir áhyggjum

Kennarafélag Iðnskólans í Hafnarfirði ályktaði um sameininguna um miðjan apríl. „Kennarar og starfsfólk Iðnskólans í Hafnarfirði lýsa áhyggjum sínum af fyrirhugaðri sameiningu Tækniskólans, skóla atvinnulífsins og Iðnskólans í Hafnarfirði. Starfsmenn allir sem og skólaæskan í Hafnarfirði og nágrenni eru sett í óvissu með þessu,“ segir í tilkynningunni. Þar segir einnig: „Skorað er á bæjaryfirvöld í Hafnarfirði að láta málið til sín taka. Menntamálayfirvöldum er bent á að fýsileikaútreikningar og hagkvæmni stærðarinnar er ekki hinn einhlíti sannleikur.“

Sama dag var málið rætt í bæjarráði Hafnarfjarðar en minnihlutinn tók málið upp. Á þeim fundi kom fram að Hafnafjarðarbær hefði haft fulltrúa í verkefnahópnum, það er að formaður skólanefndar Iðnskólans, Bjarni Bjarnason hefði átt sæti í hópnum. Samskiptin þar á milli virðast ekki hafa verið mikil. Í samtali við blaðið sagði Ársæll að hann hefði upplýst bæjarráð um málið. Þá sagðist hann hafa átt í reglulegum samskiptum við Harald L. Haraldsson, bæjarstjóra í Hafnarfirði.

Einkavæðing

Um einstaka framhaldsskóla gilda ekki sérstök lög líkt og um skóla á háskólastigi. Þar af leiðir að Menntamálaráðherra getur með breytingu á reglugerð og samningum lagt niður, einkavætt og/eða sameinað framhaldsskóla öðrum án þess að Alþingi komi nærri.

Þetta var raunin þegar Tækniskólinn var stofnaður í tíð Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, fyrrverandi menntamálaráðherra. Í dag starfar hún sem yfirmaður menntasviði Samtaka Atvinnulífsins og situr í stjórn Tækniskólans fyrir hönd Samtaka Fyrirtækja í sjávarútvegi. Tækniskólinn ehf. er í eigu Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi - SFS, Samtaka iðnaðarins, Samorku, og Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík. Einkavæðing Tækniskólans vakti tiltölulega litla umræðu þegar hún fór fram árið 2007. Þáverandi þingkona VG, Kolbrún Halldórsdóttir gerði málið þó að sínu. „Við fréttum af því fyrst í fjölmiðlum fyrir 4–5 vikum að til stæði að sameina Fjöltækniskóla Íslands og Iðnskólann í Reykjavík undir heitinu Tækniskólinn og stofnað um hann einkahlutafélag.“ Kolbrún gerði athugasemd við hugmyndir um að skólinn yrði rekinn sem fyrirtæki.

Efling iðnnáms

Gagnrýni á áformin svaraði þáverandi menntamálaráðherra á þá leið að hér væri verið að efla verknám í landinu með breyttu rekstrarformi. Sömu rökum er beitt í dag. Varðandi aðkomu Alþingis að málinu sagði Þorgerður Katrín á Alþingi: „Hvað varðar beina aðkomu Alþingis að málinu tek ég fram að ekki þarf lagabreytingu til að sameining þessara tveggja skóla gangi eftir. Þessu er því ólíkt farið og við sameiningu Tækniháskólans og Háskólans í Reykjavík — sem Vinstri grænir voru á móti — og við væntanlega sameiningu Kennaraháskólans og Háskóla Íslands þar sem í þeim tilvikum hefur þurft að nema úr gildi lög um viðkomandi stofnun. Engin sérlög eru til um einstaka framhaldsskóla og breyting á rekstri þeirra því ekki háð breytingu á lögum.“ Einkavæðing Tækniskólans gekk í gegn nokkru síðar án sérstakrar umræðu á Alþingi eða í samfélaginu. Nú virðist ætlunin að gera hið sama.

Einkavæðing er stefnan

„Við eigum að vera opin fyrir öllum möguleikum á slíku,“ sagði Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra í þættinum Ísland í bítið snemma árið 2014. Umræðuefnið var aukin einkavæðing í menntakerfinu. Illugi ræddi mismunandi rekstrarform á menntastofnunum og sagði: „Það er rými fyrir meiri fjölbreytni í okkar skólakerfi.“ Menntamálaráðherra lét ummælin falla á sama tíma og kennarar voru í verkfalli. Þá var hann

Iðnskólinn í Hafnarfirði var stofnaður 11. nóvember 1928 af Iðnaðarmannafélagi Hafnarfjarðar. Ríkið og Hafnarfjarðarbær tóku við rekstri árið 1956. Starfsmenn Iðnskólans í Hafnarfirði eru um 60 talsins og skiptast í stjórnendur. kennara og starfsmenn stoðþjónustu. Alla jafna stunda milli fjögur- og fimmhundruð nemendur nám við skólann.

Tækniskólinn er einkarekinn framhaldsskóli í eigu Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtaka iðnaðarins, Samorku, og Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík.

Tækniskólinn ehf. var stofnaður vorið 2008 með samruna Iðnskólans í Reykjavík og Fjöltækniskóla Íslands. Samkvæmt samþykktum skólans er eigendum ekki heilmilt að taka út arðgreiðslur. Starfsmenn skólans eru um tvö hundruð. Fastráðnir kennarar eru um 160.

Alla jafna stunda milli 1700 og 2000 nemendur nám við skólann.

V.L.F. HLÍF

DAGSKRÁ

1. Maí hátíðarhaldanna í Hafnarfirði 2015

Kl. 13:30 Safnast saman fyrir framan Ráðhús Hafnarfjarðar Strandgötu 6
kl. 14.00 Kröfuganga leggur af stað
Gengið verður upp Reykjavíkurveg, Hverfisgötu, Smyrlahraun, Arnarhraun, Sléttahraun og að Hraunseli við Flatahraun.
Kl. 14:30 Hátíðarfundur hefst í Hraunseli, Flatahrauni 3.

Athugið húsið opnar ekki fyrr en kröfugangan kemur í hús.

Fundastjóri: Jóhanna M. Fleckenstein
Ávarp dagsins: Karl Rúnar Þórsson, formaður Starfsmannafélags Hafnarfjarðar.
Ræða: Kolbeinn Gunnarsson, formaður Verkalýðsfélagsins Hlífar.

Skemmtiatriði:

Voces masculorum
Sönghópurinn Voces masculorum kemur og tekur nokkur lög fyrir gesti.

LAUNAFÓLK

Félögin leggja áherslu á:

- Að arði auðlinda okkar verði skipt í þágu alls samfélagsins
- Hærri ráðstöfunartekjur fyrir heimilin
- Átak í atvinnuuppbyggingu
- Vinnumarkað sem byggir á réttlæti og sanngirni
- Öryggi í húsnæðismálum
- Forsendu verðtryggingar verði breytt
- Annan gjaldmiðil ekki ótrygga krónu
- Staðinn verði vörður um lífeyrisréttindi landsmanna

JÖFNUÐUR BÝR TIL BETRA SAMFÉLAG

KAFFIHLAÐBORÐ Í BOÐI STÉTTARFÉLAGANNA AÐ FUNDI LOKNUM

atli@thorfanndal.com

Atli Þór Fanndal

Illugi Gunnarsson.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

spurður hvort stuðla ætti að frekari einkavæðingu kerfisins.

Ekki er annað að sjá en að einkavæðing grunnþjónustu sé á stefnuskrá núverandi stjórnvalda. Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra hefur opnað á að ríkið feli einkaaðilum stærri hlut í rekstri heilbrigðisþjónustunar. Kristján Þór hefur þannig bent á að einkaaðilar gætu komið að rekstri heilsugæslustöðva. Hanna Birna Kristjánsdóttir, fyrrverandi innanríkisráðherra, sagðist í þættinum Sprengisandi á Bylgjunni, í október í fyrra, að hún sæi ekkert því til fyrirstöðu að einkaaðilar kæmu að uppbyggingu samgöngumannvirkja. „Á leikskólastiginu þá hefur sú þróun orðið, og eiginlega bara hægt og hljótt, og tekist alveg frábærlega til. Þar er stór hluti af leikskólabörnunum sem er kominn inn í sjálfstætt rekna leikskóla. Þar er ég að tala um Hjallastefnuna," sagði Illugi um hugsanlega einkavæðingu skólakerfisins. Menntamálaráðherra bendir þar réttilega á að nokkur hluti skólakerfisins, séu öll þrep kerfisins tekin með, eru þegar í einkarekstri.

Atvinnulífið boðar innrás

„Það er rík ástæða til að auka áherslu á fjölbreyttari rekstrarform," segir í nýrri skýrslu Samtaka atvinnulífsins og Viðskiptaráðs sem ber heitið Stærsta efnahagsmálið - sóknarfæri í menntun. Skýrslan sem kynnt var í lok október árið 2014 er manifesto atvinnulífsins í menntamálum. Samhliða skýrslunni hafa ýmis samtök atvinnugeira lagt aukna áherslu á umræðu um menntun. Skýrslan kom út skömmu eftir hvítbók menntamálaráðherra en í henni boðar Illugi Gunnarsson grundvallarbreytingar á kerfinu. Í þeim viðtölum sem hann hefur veitt vegna útgáfu hvítbókarinnar hefur hann ekki viljað samþykkja að til standi að skera niður í kerfinu. Kostnaðurinn af menntakerfinu virðist honum þó vera ofarlega í huga. Beinu tali um niðurskurð er bægt frá með umræðu um forgangsröðun.

Bylting viðskiptalífsins

„Við skulum nota aðferðina sem Che Guevera notaði í byltingunni á Kúbu," sagði Margrét Pála Ólafsdóttir, eigandi Hjallastefnunnar ehf, á ársfundi „atvinnulífsins" sem fór fram í Hörpu, fimmtudaginn 3. apríl í fyrra. Yfirskrift fundarinns var: „Aukin samkeppnishæfni - betri lífskjör allra". Margrét Pála blés í stríðslúðrana og lýsti íslensku menntakerfi nánast sem brunarústum í höndum harðsvíðra möppudýra, snauðum af tilfinningu fyrir nemendum og hagsmunum þeirra. „Við skulum ráðast að þessari valdastofnun. Skólinn, Kennarasambandið, Kennaraháskólinn, framhaldsskólinn, verkföllin, allur þessi pakki. Við skulum ráðast eins víða að þessu og við getum með því að stofna nýtt. Með því að búa til eitthvað," sagði hún.

Stefna Sjálfstæðisflokksins

Bergmál þessa tóns mátti heyra hjá frambjóðendum Sjálfstæðisflokksins fyrir síðustu borgarstjórnarkosningar sem fóru fram í maí í fyrra. Þannig var Halldóri Halldórssyni, oddvita Sjálfstæðisflokksins, tíðrætt um aukið „valfrelsi" í skólamálum og styrkingu sjálfstæðu skólannna. Hið pólitíska hugtak einkavæðing er afar óvinsælt og því lítið notað. Einkavæðing lýsir því þegar stjórn, rekstur og áhrif eininga eru færð til einkaaðila í ríkara mæli en þegar er. Dæmi um þetta er stofnun sem hingað til hefur að öllu leyti búið við eignar- og boðvald hins opinbera en kýs svo að bjóða hluta starfseminnar út til einkareksturs. Slíkt er einkavæðing frá því sem var. Flestar kannanir sýna mikla andstöðu við einkavæðingu. Við þessu hafa stjórnmálamenn brugðist með því að skapa ný hugtök eins og einkarekstur, valfrelsi og samkeppni þegar markmiðið í reynd er einkavæðing.

Auðvitað einkaðilar

„Auðvitað viljum við einkaðila," sagði Áslaug Friðriksdóttir í samtali við Morgunútvarp Rásar 2 skömmu fyrir síðustu kosningar. „Nú er einkaskólarnir mjög vinsælir. Nemendum í einkaskólum hefur fjölgað mjög undanfarin ár." Áslaug endurómaði þar stefnu flokksins fyrir borgarstjórnarkosningar. „Sjálfstæðisflokkurinn ætlar að stuðla að því að fjölga valkostum í menntun reykvíska barna. Við viljum efla samkeppni og fjölbreytni með sjálfstæðari skólum og fleiri sjálfstætt starfandi skólum," segir í stefnuplaggi flokksins. Áslaug sagði í sama viðtali að foreldrar sem ekki hefðu efni á að greiða aukið fyrir nám barna sinna ættu að forgangsraða með öðrum hætti. „Skoðum foreldrana sem eru núna hjá einkaðilum. Þetta eru foreldrar sem eru með engum hætti öðruvísi en aðrir foreldrar hjá borginnni. Þau hins vegar forgangsraða þessum fimm þúsund kalli sem skólagjöldin eru meiri." Hún sagði vinstrimenn kreddufulla og mótfalla arði. „Það er algjör kredda vinstrimanna að arðsemiskrafan sé slæm. Hún er það ekki," sagði Áslaug.

Ríkið borgi

„Íslenskt menntakerfi er að megninu til fjármagnað af hinu opinbera og fyrir slíku fyrirkomulagi má færa sterk rök," segir í menntaskýrslu Samtaka atvinnulífsins, eins eiganda Tækniskólans. Samtökin virðast þó mjög áfjáð í að einkaðilum verði hleypt að fé því er hið opinbera leggur til og gerir ekki sérstaka athugasemd við þá forgangsröðun samfélagsins að leggja talsverðan metnað í menntun. „Menntamál eru þó víðfeðmari en flestir málaflokkar á forræði hins opinbera, einkum þegar áhrif á lífskjör eru metin. Þannig mótar menntakerfið einstaklinga á margvíslegan hátt; byggir upp hagnýta hæfileika, leggur grunn að samfélagslegum viðmiðum, eflir tilfinningaþroska og styður við félagslega tengslamyndun. Á sama tíma er menntakerfið grunnstoð verðmætasköpunar í hagkerfinu og styrkir getu þess til að mæta alþjóðlegri samkeppni. Með öðrum orðum er menntun stærsta efnahagsmál framtíðarinnar."

Stenst ekki nána skoðun

Opinbera skýringin um að Iðnskólinn verði einkavæddur með yfirtöku Tækniskólans eftir aðeins örfárra vikna vinnu stenst ekki nánari skoðun. Ákvörðun sem þessi er í höndum fleiri aðila en menntamálaráðuneytisins. Hins vegar má halda því fram til að skera á pappírsslóð hjá hinu opinbera og um leið verður erfiðara að rekja pappírsslóð ákvörðunarinnar. Óskað var samtals við menntamálaráðherra vegna málsins. Í svari frá Sigríði Hallgrímsdóttur, aðstoðarmaður ráðherra, var vísað á verkefnastjóra sameiningarinnar, Ársæl Guðmundsson. Hann er embættismaður og tekur ekki pólitískar ákvarðanir heldur ráðherra.

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

ERTU MEÐ GÓÐA HUGMYND?
BÆJARRÁÐ AUGLÝSIR EFTIR STYRKUMSÓKNUM.

Bæjarráð Hafnarfjarðar veitir félagasamtökum, fyrirtækjum eða einstaklingum styrki til starfsemi og þjónustu sem fellur að hlutverki sveitarfélagsins eða telst á annan hátt í samræmi við stefnumörkun, áherslur og forgangsröð sveitarfélagsins.

Verkefni skulu tengjast Hafnarfirði með einhverjum hætti svo sem að þau fari fram í Hafnarfirði eða feli í sér kynningu á einhverju sem viðkemur sveitarfélaginu. Verkefni eru ekki styrkt eftirá.

Sótt er um í gegnum Mínar síður á vef bæjarins.
Umsóknarfrestur er til 14.maí 2015 og skal úthlutun lokið fyrir 1. júní 2015.

Fyrirspurnir má senda á netfangið jonaosk@hafnarfjordur.is

Aðstoð við skráningu/ umsókn er hægt að fá í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar í síma 585 5500 eða í gegnum netspjall á www.hafnarfjordur.is

þitt.is

Ert þú búin/n að skrá þitt lén?
5.980 kr. á ári

ISNIC
Internet á Íslandi | s: 578 2030 | isnic.is

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?

Viðgerðir á öllum gerðum af bíla-, mótorhjóla og snjósleðasætum. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu.

Formbólstrun
Hamraborg 5 kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hsbolstrun.is

Hafnar-fjarðar-brandarar ólíkra tíma

Þórdís Gísladóttir rithöfundur, þýðandi og ljóðskáld og hefur þýtt fjölda bóka fyrir börn og fullorðna og sent frá sér námsbækur, skáldverk, ljóðasöfn og barnabækur. Hún hefur hlotið ýmsar viðurkenningar fyrir verk sín.

Hafnfirðingabrandarinn eftir Bryndísi Björgvinsdóttur hefst í unglingaherbergi (líklega í Norðurbænum) í Hafnarfirði þann 1. desember árið 1999. Klara er fimmtán ára, móðir hennar kallar herbergið hennar svínastíu og framan af sögunni, sem gerist vikurnar fyrir jól, er fátt sem bendir til annars en að hér sé bara á ferðinni sniðug og fyndin unglingasaga sögð í fyrstu persónu af Klöru sjálfri.

Foreldrar Klöru fara til Kanaríeyja þar sem pabbi hennar ætlar að hvíla sig eftir spítalavist. Klara dvelur hjá áttræðri og mjög hressri ömmu sinni á meðan. Kannski er Klara dæmigerður unglingur að svo miklu leyti sem til eru einhverjir dæmigerðir unglingar. Hún er ör og taugaveikluð, sælgætissjúk, feimin, oft svolítið einmana og dálítið klaufaleg á margan hátt, en hún er líka með húmor fyrir sjálfri sér sem er nú ekki sjálfsagt mál þegar unglingar eru annars vegar. Við sögu koma meðal annarra vinkonur, fyrrverandi kærastinn Grjóni, eineltisfórnarlamb frá Færeyjum, strákurinn sem allar stelpurnar eru skotnar í, vinsælu stelpurnar, tággrönnu fimleikastelpurnar sem eru með strekkt hár og píska um próf og næringarfræði og auðvitað lúðarnir sem forðast hver annan í stað þess að mynda gengi því að þeir „halda að þrír eða fleiri lúðar í hóp séu lúðalegri en einn eða tveir lúðar á stangli.“ (bls. 37)

Í sögu Klöru eru margir drepfyndnir hlæja-upphátt-kaflar og allskonar skemmtilegar vangaveltur um lífið og tilveruna. Pabbi og mamma Klöru urðu fljótlega uppáhaldspersónur hjá mér. Þau eru roskin og kunna hvorki að leigja DVD-myndir né panta pítsur og þau gefa henni yfirleitt glataðar jólagjafir. Foreldrarnir endurspegla svo sniðuglega hvað heimurinn hefur breyst rosalega mikið síðustu áratugina. Ég ólst sjálf upp í Hafnarfirði ekkert mjög löngu á undan Klöru og er af millibilskynslóð milli hennar og foreldranna, en mér finnst mjög margt í sögu Klöru komið töluvert langt frá mínum unglingsárum í umræddu bæjarfélagi.

Hafnfirðingabrandarinn er ekki bara saga unglingsins Klöru. Þegar komið er eitthvað fram yfir blaðsíðu hundrað (þess má geta að þetta er löng bók, eða 432 blaðsíður) kemur til sögunnar löngu dáinn frændi hennar, Ingimar. Klara veit í upphafi ekkert um þennan frænda en smám saman kemst hún að því að hann hefur verið álitinn furðufugl, einhverjir segja hann hafa verið einfeldning og kjána, hann var talinn öfugur (sem Klara veit ekki hvað þýðir) og það var gert gys að honum og honum strítt. Síðan eru aftur aðrir sem hafa álitið hann góðmenni og snjallan náunga. Ingimar var frumkvöðull í lífrænni ræktun, hann stundaði forvitnilegar rannsóknir og var á undan samtíð sinni í ýmsu en eins og amma Klöru nefnir þá var hann af mörgum álitinn einhvers konar Hafnfirðingabrandari.

Saga Ingimars speglar sögu Klöru og jafnvel líka sögur eineltisfórnarlambsins Maríu Kristu Poulsen og annarrar skólasystur sem er í söfnuði Votta Jehóva og stelpurnar spyrja sífellt út í sömu hlutina aftur og aftur og furða sig endalaust á að hægt sé að velja sér að lifa ekki lífinu eins og flestir í kringum mann gera. Sögur frændsystkinanna, sem eru af ólíkum kynslóðum og kynnast aldrei, sýna að lífið er mynstur sem hefur tilhneigingu til að endurtaka sig. Hafnfirskir furðufuglar eru til á öllum tímum en þegar upp er staðið þá vita þeir alveg sínu viti.

Ég er dálítið spennt að vita hvað unglingum á eftir að finnast um þessa löngu og lagskiptu Hafnarfjarðarsögu. Góðar og áhrifaríkar barna- og unglingabækur má gjarna lesa á mörgum plönum og ekki síst þess vegna er Hafnfirðingabrandarinn bók fyrir fólk með misjafnan bókmenntasmekk og ólík áhugamál. Unglingar ættu auðvitað að lesa Hafnfirðingabrandarann en ég mæli samt ekki síður með bókinni fyrir miðaldra og aldraða, hvort sem viðkomandi kunna eða kunna ekki að leigja myndir og panta pítsur.

P.s. Ég ólst upp við að kalla brandara þar sem Hafnfirðingar koma við sögu, Hafnarfjarðarbrandara. Mun fleiri dæmi finnast um orðið Hafnarfjarðarbrandari á timarit.is (64 dæmi) en Hafnfirðingabrandari (2 dæmi). Lausleg amatörkönnun mín gefur vísbendingu um að einhver kynslóðaskipting sé í notkun orðanna og að yngra fólk tali frekar um Hafnfirðingabrandara, en amma Klöru er fyrsta manneskjan í bókinni sem notar orðið Hafnfirðingabrandari og hún er sennilega fædd um 1920 og ætti því kannski frekar að segja Hafnarfjarðarbrandari. Þið megið gjarna ræða þessa mismunandi orðanotkun í jólaboðum en látum þetta duga í bili.

Höfundur er: Þórdís Gísladóttir.

Greinin birtist áður á síðunni Druslubækur og doðrantar

http://bokvit.blogspot.com/2014/11/hafnarfjararbrandarar-olikra-tima.html

Handhafar bókmenntaverðlauna skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur 2015. Birgitta Hassel og Bryndís Björgvinsdóttir.

Bryndís fékk verðlaunin

Hafnfirðingurinn Bryndís Björgvinsdóttir tók í vikunni við barnabókaverðlaunum skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur, en þau voru afhent við hátíðlega athöfn í Höfða. Verðlaunin fær hún fyrir bókina Hafnfirðingabrandarann sem Vaka Helgafell gaf út.

Í umsögn valnefndar um verðlaunabókina Hafnfirðingabrandarann segir m.a.:

„Hafnfirðingabrandarinn er marglaga skáldsaga þar sem fjallað er um sígild stef í lífi unglinga eins og fyrstu ástina og ástarsorgina, félagslíf og samskiptamynstur sem aldrei er eins flókið og á unglingsárum, ofsakvíða, ofsakæti og allt þar á milli. Sagan er umfram allt skrifuð af leiftrandi stílgáfu, umvefjandi hlýju og heilnæmum húmor sem fær lesendur á öllum aldri til að njóta lestrarins og hreinlega tæta bókina í sig.“

Bryndís hefur einnig hlotið íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir Hafnfirðingabrandarann og fleiri viðurkenningar.

Óskum öllum launþegum á Íslandi til hamingju með baráttudag verkalýðsins 1. maí

gaflara LEIKHÚSIÐ

HAFNARFJÖRÐUR

ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

V.L.F. HLÍF

HVALUR HF.

RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

TE & KAFFI

VÉLAVERKSTÆÐI JÓHANNS ÓLAFS HF.

BSRB

FIT
FÉLAG IÐN- OG TÆKNIGREINA
www.fit.is

VM
Félag vélstjóra og málmtæknimanna

ASÍ
Alþýðusamband Íslands

Vorhreinsun í Garðabæ

Hreinsunarátak Garðabæjar, hreinsað til í nærumhverfinu, stendur nú yfir en það hófst 10. apríl sl. Átakið hefur gengið gríðarlega vel, segir í frásögn af framtakinu á vefsíðu Garðabæjar, og aldrei hafa fleiri hópar sótt um að taka til hendinni á svæðum í bæjarlandinu en núna í vor þó veðrið hafi ekki alltaf verið eins og best er á kosið. Ánægjulegt sé hversu margir hafa tekið þátt að þessu sinni og margir nýjr hópar, íbúar við tilteknar götur og félagasamtök, hafa bæst við í framtakið í ár. Skemmtilegar ábendingar hafa borist frá hópunum, segir á vef bæjarins um að t. . d. hestamenn ættu að hreinsa rúllubaggaplast af girðingum.

Hópar fá ákveðin svæði til hreinsunar

Hóparnir hafa margir sótt um styrk til umhverfisstjóra gegn því að tína rusl á ákveðnum svæðum í bæjarlandinu. Með því að dreifa hópunum vel um bæjarlandið ætti bærinn að vera nokkuð hreinn þar til að sumarstarfsmenn taka til starfa í byrjun júní og vinna þá áfram að hreinsun bæjarins.

Vorhreinsun lóða til 13. maí.

Hin árlega vorheinsun lóða hófst á mánudaginn var. Garðbæingar eru hvattir til að hreinsa lóðir sínar í sameiginlegu átaki, en það stendur til sem stendur til 13. maí nk. Garðabær hirðir garðúrgang sem settur hefur verið út fyrir lóðamörk á tilteknum dögum í hverfum bæjarins sem tilgreindir eru hér fyrir neðan. Þessi þjónusta er veitt bæjarbúum að kostnaðarlausu þessa daga en mikilvægt er að vera innan þessara tímamarka sem eru gefin upp fyrir hvert hverfi.

Íbúafundur framundan

Nærumhverfið skiptir okkur máli er heiti íbúafundar sem umhverfisnefnd Garðabæjar stendur fyrir þriðjudaginn 12. maí í safnaðarheimilinu Kirkjuhvoli kl.17: 00 -19: 00. Dagskrá íbúafundarins verður kynnt nánar hér á vef Garðabæjar á næstu dögum.

Hreinsun á garðúrgangi

Nú í vikunnu var tekinn garðaúrgangur á Flötum, í Ásgarði, á Fitjum, Hólum, Ásum, Grundum, í Sjálandi, á Arnarnesi, Ökrum, Vífilsstöðum og Urriðaholti.

4. - 6. maí verður sótt í Tún, á Mýrar, Garðatorg, Móa, Byggðir, Lundir, Búðir, Bæjagil, Hæðahverfi og Hnoðraholt. Síðan 11. -13. maí á Álftanes, Garðahverfi, Prýði, Hleinar og við Álftanesveg.

Stórtónleikar á stórafmæli

Kór Öldutúnsskóla fagnar 50 ára afmæli sínu um þessar mundir með tónleikum í Víðistaðakirkju föstudaginn 1. maí kl. 17: 00.

Kórinn er elsti barnakór landsins sem starfað hefur samfellt. Efnisskráin samanstendur af sönglögum sem verið hefur á dagskrá kórsins í áranna rás. Frumflutt verður nýtt tónverk, Cancta Caecilia, eftir Báru Gísladóttur.

Margir fyrrverandi kórfélagar koma fram bæði kórar og einsöngvarar. Þeir sem syngja með okkur við þetta tilefni eru: Margrét Eir, Hanna Björk Guðjónsdóttir, Örn Arnarson og Fjóla Kristín Nikulásdóttir. Einnig munu fyrstu kóméðlimir heiðra okkur með nærveru sinni.

Kynnar eru Laufey Brá Jónsdóttir leikkona og Veigar Hrafn Sigþórsson frændi hennar og kórdrengur.

Aðgangur á tónleikana er ókeypis en kórinn tekur glaður á móti frjálsum framlögum.

Allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

Stjarnan vann

Lið Stjörnunnar í hópfimleikum kvenna tryggði sér Íslandsmeistaratitil í spennandi keppni í Ásgarði á dögunum. Gerpla úr Kópavoginum hefur haldið titlinum árum árum saman, en nú hafði Stjarnan betur, eftir æsispennandi keppni á trampolíni, æfingar á gólfi og lokaumferð á dýnu. Kvennalið Stjörnunnar stóð því uppi sem sigurvegari í fjölþraut kvenna í hópfimleikum. B lið Stjörnunnar tryggði sér svo þriðja sætið. Í flokki blandaðra liða var lið Stjörnunnar í öðru sæti.

Sýning í Gróskusalnum

Allir eru velkomnir á lokasýningu fata og textílhönnunarsviðs og myndlistarsviðs Fjölbrautaskólans í Garðabæ, sem hófst á miðvikudag og stendur til 4. maí. Sýningin er haldin í Gróskusalnum á 2. hæð á Garðatorgi og er opin frá kl. 14-18.

Aðgengi fatlaðra í Bíó Paradís:

Safna fé til að bæta aðstöðu

Söfnun er hafin á síðu Karolinafund sem hefur það markmið að bæta aðgengi fólks í hjólastólum að Bíó Paradís. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu. Söfnunin felst í sölu aðgöngumiða og korta á sýningar Bíó Paradísar og er hægt að velja um marga möguleika til að styrkja málefnið, allt frá því að kaupa miða fyrir tvo á eina sýningu upp í tíu ára árskort í Bíó Paradís.

Aðgengismál í bíóinu hafa töluvert verið gagnrýnd upp á síðkastið.

Í tilkynningunni segir að Bíó Pardís hafi unnið með Ferilnefnd fatlaðra hjá Reykjavíkurborg að greiningu og tillögum að úrbótum og sé áætlaður kostnaður við fyrsta áfanga rúmar 6,5 milljónir króna. „Verkefnið er mun stærra en húsið ræður við með rekstrinum og var því ákveðið að hefja söfnunina. Öllum ágóða verður varið í að setja inn lyftur og koma fyrir salerni sem er aðgengilegt fólki í hjólastólum, “ segir þar einnig, en jafnframt er bent á að Bíó Paradís sé eina listræna kvikmyndamenningarhús landsins og þess utan eina bíóið sem eftir er í miðbæ Reykjavíkur. Sjálfseignarstofnunin Heimili kvikmyndanna rekur bíóið, en reksturinn er ekki í hagnaðarskyni.

NOKIAN TYRES®

Skoðaðu dekkjaleitarvélina á

MAX1.is

VELDU ÖRYGGI

Margverðlaunuð NOKIAN gæðadekk

Á Íslandi vitum við að sumarveður getur þýtt alls konar veður. Þess vegna hefur Nokian þróað sumar- og heilsársdekk sem henta fjölbreyttu veðurfari norðlægra slóða.

- ✔ ein **öruggustu** dekk sem völ er á
- ✔ valin **bestu dekkin** í gæðakönnunum
- ✔ eigum dekk fyrir **fólksbíla**, **jeppa** og **sendibíla**

Mundu: nagladekkin af fyrir 15. apríl

Greiðsludreifing í boði

Opnunartími: virka daga kl. 8-17. Laugardaga: sjá MAX1.is

Bíldshöfða 5a, Rvk
Jafnaseli 6, Rvk
Dalshrauni 5, Hfj
Knarrarvogi 2, Rvk (*ath. ekki dekkjaþjónusta*)

Aðalsímanúmer
515 7190

MAX1 BÍLAVAKTIN

LOFTVERKFÆRI.IS

ALLT FYRIR VIÐGERÐIR - ÞÚ FÆRÐ ÞÓTIÐ HJÁ OKKUR

LOFTVERKFÆRI.IS

Helluhraun 14, 220 Hafnarfjörður Sími: 571 4100
Opið 10-17 vika daga